

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Hellissandur/Rif, hafnarsvæði og stækkuð íbúðarbyggð á Rifi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin felst í því að svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði við höfnina á Rifi breytist í athafnasvæði og hafnarsvæði, auk þess sem svæðið stækkar og nær nú einnig til svæðis sem áður var skilgreint til síðari nota sunnan hafnar. Einnig stækkar íbúðarsvæði við Háarif til vesturs úr 12 ha í 27 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006